



## Umsókn um reikningsviðskipti hjá Ískraft.

\_\_\_\_\_

Nafn viðskiptaaðila

\_\_\_\_\_

kennitala

\_\_\_\_\_

heimili



\_\_\_\_\_

póstfang

\_\_\_\_\_

staður

\_\_\_\_\_

GSM

\_\_\_\_\_

Netfang

Úttektaraðilar á reikningnum við stofnun hans:

1) \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

2) \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

3) \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

4) \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

5) \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Leynir. \_\_\_\_\_ ( 4 stafir) ef óskað er.

Flokkur: \_\_\_\_\_

Annað

---

---

---

---

---

---

---

# YFIRLÝSING UM SJÁLFSKULDARÁBYRGÐ VEGNA SKULDA

## við Húsasmiðjuna hf.

Undirritaðir aðilar (viðskiptaaðili og ábyrgðarmenn), lýsa því hér með yfir að þeir takast á hendur sjálfskuldarábyrgð (ábyrgð in solidum) vegna allra skulda neðangreinds viðskiptaaðila við Húsasmiðjuna hf. Kt: 520171-0299, þar sem söluaðili er Iskraft (sem og annara fyrirtækja sem rekin eru á kennitölu Húsasmiðjunnar hf. en undir öðrum nöfnum) hvort sem um er að ræða skuld á viðskiptareikningi, víxilskuldum, víxilábyrgðum, skuldabréfum, skuldaviðurkenningum, framseldar kaupsamningsgreiðslur og hvers konar aðrar skuldir, sem tengjast viðskiptum viðskiptamannsins við Húsasmiðjuna hf.,

allt að höfuðstólsfjárhæð kr. \_\_\_\_\_ á hverjum tíma auk hæstu dráttarvaxta (grunnvextir dráttarvaxta og hæsta vanefndaálag) skv. l. 38/2001, sbr. einnig lög 25/1987 varðandi eldri skuldbindingar, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma svo og alls kostnaðar sem af vanskilum kann að leiða, þmt. lögmanskostnaðar og kostnaðar samfara lögfræðiinnheimtu.

Höfuðstólsfjárhæðin er bundin neysluvísitölu þess mánaðar sem yfirlýsingin er gefin út.

Ábyrgðin gildir þó skuldir verði framlengdar einu sinni eða oftar og einnig þó greiðslufrestir séu veittir. Ábyrgðin er ótímabundin og gildir uns hún er afturkölluð eða um annað verður samið. Húsasmiðjunni hf. er ekki skylt að tilkynna ábyrgðaraðilum um vanskil og gjaldfellingu skulda en ábyrgðaraðilum er ávalt heimilt að fá upplýsingar um skuldastöðu viðskiptaaðila hjá Húsasmiðjunni hf. á hverjum tíma. Ef ábyrgðaraðilar vilja afturkalla ábyrgð sína skulu þeir senda Húsasmiðjunni hf. sannanlega tilkynningu um það með ábyrgðarbréfi eða símskeyti sem sannanlega er móttikið.

Viðskiptamaður skal tilkynna sérstaka úttektaraðila á reikning sinn eða óska eftir leyniorði eða leyninúmeri svo komið sé í veg fyrir misnotkun. Sé slíkt ekki gert eru allar úttektir á ábyrgð viðskiptaaðila og þal. ábyrgðaraðila þó um misnóktun sé að ræða. Viðskiptamanni ber skylda til að fylgjast með öllum breytingum á úttektaraðilum og er slíkt alfarið á ábyrgð viðskiptaaðila og ber honum að tilkynna Húsasmiðjunni hf. með sannanlegum um breytingar. Úttektaraðili telst því hafa heimild til að taka út af reikningnum uns breytingar hafa verið tilkynntar sannanlega. Hafi viðskiptamaður ekki tilkynnt sérstaka úttektaraðila á viðskiptareikning, eða óskað eftir leyniorði eða leyninúmeri, þá eru allar úttektir hverju nafni sem nefnast, á ábyrgð viðskiptaaðila og þar af leiðandi ábyrgðaraðila.

Verði um vanskil að ræða á skuld sem tryggt er með sjálfskuldarábyrgð þessari eða bú viðskiptamanns tekið til skipta sem þrotabú eða leyti hann nauðasamninga eða verði með einhverjum hætti vanefndir á skyldum hans gagnvart Húsasmiðjunni hf. þá er heimilt að telja allar eftirstöðvar skulda er þá kunna að verða ógreiddar, fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar og ber þá viðskiptamanni og ábyrgðaraðilum án frekari fyrirvara að greiða Húsasmiðjunni hf. höfuðstól ábyrgðarinnar auk verðbóta og hæstu dráttarvaxta skv. l. 38/2001 eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma séu skuldir viðskiptaaðila það háar, svo og allan kostnað sem af vanskilum kann að leiða, þ.m.t. innheimtu og lögmanskostnað auk annars réttarkostnaðar. Húsasmiðjan hf. áskilur sér einnig rétt til að bakfæra alla áunna afslætti og þmt. tilboðsafslætti viðskiptamanns ef um vanskil verður að ræða. Húsasmiðjunni hf. er heimilt að krefjast dráttarvaxta aftur í tímann frá þeim tíma er skuld gjaldféll. Rísi mál út af yfirlýsingu þessari er heimilt að reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Með undirskrift sinni á yfirlýsingu þessa heimila neðangreindur viðskiptamaður og ábyrgðamenn, Húsasmiðjunni hf. að tilkynna vanskil sem varað hafa lengur en 40 daga til Lánstrausts hf., til skráningar á skrá Lánstrausts hf. yfir vanskil ofl.**

### Undirskriftir viðskiptaaðila og ábyrgðaraðila:

Samþykki viðskiptaaðila

kt.

Samþykki ábyrgðaraðila

kt.

Samþykki ábyrgðaraðila

kt.

Samþykki ábyrgðaraðila

kt.

Samþykki ábyrgðaraðila

kt.